

Mánudaginn 25. nóvember 1946.

Nr. 113/1946. Réttvísinn og valdstjórnin
gegn
Sæmundi Guðmundssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómarann að afla skýrslu læknis um heilbrigðisástand Árna Ragnars Magnússonar. Með rannsókn læknis ber að leiða í ljós, svo sem kostur er, hver varanleg mein Árni Ragnar kunni að hafa hlotið af áverkum, er ákærði veitti honum, en Árni Ragnar hefur einkum kvartað um minnisleysi í þessu sambandi. Svo ber og héraðsdómaranum að afla annarra gagna, ef efni verða til.

Ályktarorð:

Héraðsdómaranum ber að afla framangreindra gagna.

Mánudaginn 25. nóvember 1946.

Nr. 15/1946. H/f Rifsnes (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn
Kaupfélagi Eyfirðinga og gagnsök

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. febrúar þ. á., krefst þess, að fjárhæð sú, er dæmd var í héraði, verði færð niður til mikilla muna, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem gagnáfrýjað hefur málinu með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst þess, aðallega að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 395237.46, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. maí 1945 til greiðsludags, til vara, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði hækkuð eftir mati dómsins, og til þrautavara, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Samkvæmt skýrslum máls þessa virðist töf sú, sem v/s Snæfell varð fyrir vegna björgunar e/s Rífsness, hafa numið um 40 klukkustundum. Vegalengd sú, sem e/s Snæfell sigldi af leið, virðist hafa verið um 130 sjómilur. Björgunin hafði ekki í för með sér spjöll á e/s Snæfelli og ekki annan kostnað en útgerðarkostnað e/s Snæfells þann tíma, sem töfinni nam.

Þar sem engin virðing hefur verið framkvæmd á hinum björguðu verðmætum, ber við ákvörðun bjarglauna að líta á húftryggingu og hagsmunahúftryggingu e/s Rífsness, enda má ætla með hliðsjón af því, hversu háttað var öflun skipakosts á bjargtímanum, að hagsmunir þeir, sem eigendur hins bjargaða skips höfðu í varðveizlu þess, hafi ekki verið minni en nemur báðum tryggingarfárhæðum.

Þegar virt eru þau atvik, sem áhrif eiga að hafa á hæð bjarglaunanna, þykja þau hæfilega ákveðin kr. 100000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 8000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, h/f Rífsnes, greiði gagnáfrýjanda, Kaupfélagi Eyfirðinga, kr. 100000.00 með 6% ársvöxtum frá 4. maí 1945 til greiðsludags og samtals kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ég er samþykkur dóminum að öðru leyti en því, að í stað 4. og 5. mgr. í forsendum komi:

Með skírskotun til framangreindra atriða og þess, sem segir í hinum áfrýjaða dómi um verðmæti hins bjargaða, þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 100000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. desember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 4. maí 1945, gegn h/f Rifsnesi og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, báðum hér í bænnum, til greiðslu in solidum á kr. 395237.46 með 6% ársvöxtum frá 5. maí 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins bar stefnandi fram varakröfu um aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, en féll jafnframt frá öllum kröfum á hendur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sem hafði krafizt sýknu og málskostnaðar og féll þá um leið frá kröfum sínum.

Stefndi hefur krafizt þess að verða aðeins dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. apríl 1944 var v/s Rifsnes RE 272, eign stefnda, á leið til Bretlands með farm af ísfiski og hafði samflot við v/s Snæfell EA 740, eign stefnanda. Kl. 7,15 e. h. þenna dag brotnaði giröxull í vél Rifsness, og varð hún óstarfhæf. Viðgerð var ekki unnt að framkvæma um borð, og það skipstjórinn skipsjóra Snæfells um dráttaraðstoð til hafnar. Höfst drátturinn kl. 9,15, en kl. 11 slitnaði dráttartaugin, sem samsett var af vir og keðju frá Rifsnesi og 2½" vir frá Snæfelli, 100 faðma löngum. Keðjunni, sem slitnað hafði, var ekki unnt að ná inn, og var henni því sleppt, en nýjum dráttartaugum komið á milli skipanna. Var því lokið kl. 2,00 f. h. 2. apríl og þá haldið af stað enn og stefnu skipanna breytt. Þau höfðu verið á leið til Fleetwood, en nú var siglt til Stornoway og komið þangað kl. 4 síðdegis hinn 3. apríl. Var Rifsnes dregið inn í höfnina og skilið þar eftir. Telur stefnandi, að hér hafi verið um að ræða ótvíræða björgun í merkingu siglingalaganna, enda hafi Rifsnes ekki verið ferðafært og því í greinilegri hættu. Gerir stefnandi grein fyrir kröfum sínum á þessa leið:

1. Björgunarlaun, miðuð við samanlagðar tryggingar-
fjárhæðir skipsins (kaskótryggingu og kaskó-
interessu-tryggingu) svo og söluverð farmsins .. kr. 377781.46
2. Bætur fyrir tapað farmgjald á heimleið — 7200.00
3. Bætur fyrir tafir vegna björgunarstarfsins — 10256.00

Samtals kr. 395237.46

Stefndi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að skipin voru í samfloti samkvæmt fyrirmælum laga nr. 47 frá 1943 og reglugerðar nr. 86 frá 1943, en í þeim fyrirmælum felist það, að fyrirfram sé samið um gagnkvæma aðstoð og hvoru skipi því lagðar á herðar ríkari skyldur í þeim efnum en ella. Sé því aðeins um dráttaraðstoð, en ekki björgun í skilningi siglingalaganna að ræða. Gegn andmælum stefnanda verður eigi fallizt á þessi rök stefnda, enda verður þeim ekki fundin næg stoð í fyrrgreindum ákvæðum. Er því ekki unnt að taka til greina kröfu stefnda á þessum grundvelli.

Í annan stað styður stefndi kröfur sínar með þeim rökum, að björgunarstarfið hafi verið illa af hendi leyst, þar eð skipið hafi án tilefnis verið dregið til annarar og afskekktari hafnar, en för beggja skipanna var heitið til Fleetwood, sem fyrr segir. Í Stornoway hafi skipið tæpast verið betur sett en í rúmsjó, þar eð í þeirri höfn hafi ekki verið unnt að gera við vélina, og farmur skipsins hafi verið þar algérlega verðlaus, þar eð Sornoway sé ekki fiskkaupstaður. Þá telur stefndi og, að slit fyrri dráttartauganna beri vott um litla verklægni við starfið, og enn, að tóf sú, er Snæfell varð fyrir, hafi aðeins numið tæpum sólarhring, þar eð sjálft hafi það þurfi um sólarhring til að komast á leiðaranda, þótt ekkert hefði tafið, en Rifsnes var aðeins dregið um 180 sjómílur. Loks hafi hætta sú, er Rifsnes var í, verið litil sem engin, þar eð skipið var óskemmt og á fjölfarinni skipaleið; Snæfell hafi ekki lagt sig í hættu við dráttinn og skemmdir hafi engar orðið á því né tækjum þess, enda hafi það verið svo illa tækjum búið, að telja megi það hafa verið ófært til að inna starfið af höndum. Að því er verðmæti hins bjargaða varðar, hefur stefndi mótmælt því, að kaskóinteressu-trygginguna megi telja til verðmætis skipsins, og haldið því fram, að kaskótrygginguna eina beri að leggja til grundvallar og að frá-dregnum viðgerðarkostnaði skipsins, um kr. 10000.00. Þá hefur hann, eins og áður var sagt, talið, að Snæfell hafi skilið Rifsnes eftir á stað, þar sem farmur þess var verðlaus, og sé því ekki unnt að telja, að um björgun hans sé að ræða. Að visu hafi hann síðar selzt fullu verði í Fleetwood, en dráttur Rifsness þangað var með öllu án tilverknaðar Snæfells, og varð stefndi að greiða £ 2.200—0—0 fyrir þá aðstoð. Auk þess beri að sjálfsögðu að draga frá söluverðinu kostnað við hana, er nemi 10—20%. Að lokum hefur stefndi ein-

dregið mótmælt 2. og 3. kröfulið stefnanda sem ósönnuðum og sér óviðkomandi.

Af því, sem upp er komið í málinu, er það ljóst, að aðstoð sú, er Snæfell veitti Rífsnesi, var björgun í merkingu siglingalaganna, enda hafði Rífsnes ekki seglabúnað né önnur færi á að komast til hafnar af eigin ramleik. Eigi verður annað séð en að björgunin hafi tekizt vel og verið unnin af verklægni, enda virðist veðurfar og veðurhorfur hafa valdið þeirri varúð, að Rífsnes var dregið til næstu hafnar, en ekki á upphaflegan ákvörðunarstað þess. Raunveruleg töf Snæfells við að draga Rífsnes til hafnar þá vegalengd, er fyrr greinir, 180 sjómilur, virðist hafa verið um sólarhringur, enda var ekki farið meira en 80 sjómilur út af fyrirhugaðri siglingaleið. Telja verður, að Rífsnes hafi verið í mikilli hættu, enda í ljós leitt við sjóferðaprófin, að önnur skip voru ekki á þessum slóðum, er vélin bilaði, og Snæfelli var stofnað í aukna hættu, þar eð dvöl þess á hættusvæði lengdist. Hins vegar virðist sá hluti dráttar- taugar, sem Snæfell lagði til, ekki hafa orðið fyrir skemmdum. Þegar ákvarða skal verðmæti þess, sem bjargað var, verður að leggja til grundvallar gangverð þess í því ásandi, sem það var á þeim stað, er björgun lauk. Mat á þessum grundvelli hefur ekki farið fram um verðmæti skipsins, en leitt er í ljós, að það var kaskótryggt fyrir kr. 560000.00 og tryggt kaskóinteressutryggingu fyrir kr. 140000.00. Nú verður að telja tryggingu sem þá síðarnefndu almennt keypta í því skyni að tryggja skipseiganda þann hag, sem hann telur sig hafa af eign skipsins umfram gangverð þess, þótt stundum sé svo í framkvæmd um tryggingar skipa, að þessi trygging komi að hluta í stað kaskótryggingar. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á það, að svo sé í þessu tilviki, og er því ekki gegn fyrrgreindum andmælum stefnda unnt að leggja til grundvallar hærri fjárhæð en kaskótryggingunni nemur, en frá henni virðist eiga að draga viðgerðarkostnaðinn, sem nam samkvæmt gögnum málsins, um kr. 7640.00. Farmur skipsins var seldur fyrir £ 9063—0—0, en frá söluverðinu ber að draga sölukostnað í Bretlandi, sem þykir hæfilega metinn 10% af fjárhæðinni. Samkvæmt þessu verður verðmæti hins bjargaða samtals um kr. 765000.00, en fallast verður jafnframt á það með stefnda, að tillit beri að taka til fyrrgreindrar þóknunar, £ 2200—0—0, sem greiða varð til þess að koma skipinu í höfn, þar sem viðgerð var unnt að framkvæma og markaður var fyrir farminn.

Að því er varðar 2. og 3. kröfulið stefnanda samkvæmt framanrituðu, er ekki unnt að telja, að stefnandi hafi fært á þá nægar sönnur gegn fyrrgreindum mótmælum stefnda til þess, að taka megi þá til greina.

Að öllu þessu athuguðu þykja björgunarlaunin í heild hæfilega

ákveðin kr. 130000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 6500.00.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson.

Dómsuppsaga hefur dregið nokkuð vegna veikinda eins dómara.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Rífsnes, greiði stefnanda, Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri, kr. 130000.00 með 6% ársvöxtum frá 4. maí 1945 til greiðsludags og kr. 6500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóvember 1946.

Nr. 86/1945. **H/f Fákur**
 gegn

Þórarni Gunnlaugssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Fákur, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkisjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. nóvember 1946.

Nr. 125/1946. **Guðmundur Valgrímsson og Magnús Guðmundsson**
 gegn

Kristján Elíassyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðmundur Valgrímsson og Magnús Guðmundsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.